



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Eftirfarandi er yfirlit yfir erindisbréf vegna nýrra starfshópa skóla- og frístundasviðs frá janúar 2019 til september 2019, en skv. reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa frá 2. febrúar 2018 ber fagsviðum að halda skrá yfir starfshópa og erindisbréf og kynna í viðkomandi fagráði.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Fagteymi um innleiðingu á verkefninu Opinskátt um ofbeldi</i>	Innleiða verkefnið Opinskátt um ofbeldi í Reykjavík sbr. samþykkt borgarstjórnar 30. maí 2017. Áætlað er að teymið verði starfandi á meðan á innleiðingu verkefnisins stendur.
<i>Starfshópur um innritun í 1. bekk grunnskóla og innritun á frístundaheimili</i>	Hlutverk hópsins er greina stöðu innritunar og koma með tillögur. Skoða þarf annars vegar faglegar forsendur innritunar og hins vegar tæknilegar lausnir.
<i>Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms</i>	Að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík. Hópurinn leggi til leiðir til að mæta ofangreindum markmiðum hvað varðar tónlistarnám barna og ungmenna í Reykjavík á vettvangi tónlistarskólanna og í skólum borgarinnar á grundvelli menntastefnu borgarinnar.
<i>Starfshópur um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi</i>	Að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfinu að leiðarljósi.

<i>Starfshópur um handleiðslu fyrir leikskólakennara</i>	Að koma með tillögur að handleiðslu fyrir nýja leikskólakennara sem hefja störf í leikskólum Reykjavíkurborgar og fyrir starfandi leikskólakennara.
<i>Starfshópur um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem þegar hefur farið fram.</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu SFS auk mats á árangri þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram



ERINDISBRÉF¹

Fagteymi um innleiðingu á verkefninu Opinskátt um ofbeldi

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Inngangur:

Inngangur/forsaga verkefnis ef við á.

Hlutverk:

Innleiða verkefni Opinskátt um ofbeldi í Reykjavík sbr. samþykkt borgarstjórnar 30. maí 2017. Áætlað er að teymið verði starfandi á meðan á innleiðingu verkefnisins stendur.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Yfirfara og útfæra nánar innleiðingaráætlun í samvinnu við verkefnisstjóra.
- Veita verkefnisstjóra ráðgjöf og stuðning, t.d. á reglulegum fundum teymisins.
- Styðja við innleiðingu.
- Kynna verkefnið eftir þörfum.
- Sjá til þess að efni sem tengist verkefninu sé aðgengilegt á vef borgarinnar.
- Vera tengiliður við sinn starfsvettvang/svið/skrifstofu.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnisstýra á Nýsköpunarmiðju frá SFS (formaður)
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir verkefnisstjóri (ofbeldi og mannsalsmál) á Mannréttinda-
skrifstofu, fulltrúi Mannréttindaskrifstofu og Barnaverndar.

Sigríður Marteinsdóttir verkefnastjóri á leikskólaskrifstofu SFS.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir verkefnisstjóri frístundamála fagskrifstofa SFS

Fulltrúar frá starfsstöðum tilraunaverkefnis, Grandaskóla, Gullborg og Undralandi.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Ellen Calmon verkefnisstýra á Nýsköpunarmiðju SFS

Til ráðgjafar og samstarfs:

Aðilar sem teymið telur rétt að leita til hverju sinni

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

1. febrúar 2019 og þar til ákveðið verður að leggja teymið niður.

Reykjavík,

Hjálagt:



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um innritun í 1. bekk grunnskóla og innritun á frístundaheimili

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson

Inngangur:

Innritun í grunnskóla og frístundaheimili er í Rafrænni Reykjavík/RR. Frístundaheimiliumsóknir færast svo beint yfir í frístundakerfi Völu þar sem unnið er með þær. RR geymir engar upplýsingar um frístundaheimilisúmsóknina og villutékk fer fram í Völu. Grunnskólaúmsóknir fara yfir í námskerfin Mentor eða Námfús.

Undanfarin ár hafa komið upp vandamál við innritun þar sem RR hefur illa ráðið við þá umferð sem fer í gegnum kerfið á stuttum tíma. Verkferlum við innritun hefur verið breytt til að minnka innritun svo álag á kerfið hefur verið minna við tvær síðustu innritanir. Við innritun fyrir haustið 2019 sem hófst 1. mars sl. kom strax í ljós að RR var ekki að ráða við þá umferð sem fór í gegnum kerfið og varð það til þess að stór hópur foreldra lenti í vandræðum við að sækja um frístundaheimili. Í kjölfarið þurfti að fara í töluverða aukavinnu við að svara erindum frá óánægðum foreldrum, greiningu á ferli úmsókna, að ákveða hvernig meðhöndla skildi úmsóknir þessara aðila og að tilkynna þeim þar um.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er greina stöðu innritunar og koma með tillögur. Skoða þarf annars vegar faglegar forsendur innritunar og hins vegar tæknilegar lausnir. Einnig þarf að skoða hvernig verkefnið sem Ólafur Sólímán hjá UTD leiðir varðandi grunnskólaskráningu og Mínar síður koma inn í verkefnið.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina kosti og galla við núverandi aðferðafræði.
- Skoða hvaða aðrar leiðir koma til greina við innritun, kostir og gallar hennar/þeirra. Á innritun í grunnskóla og á frístundaheimili að fara fram á sama tíma eða ekki, kostir og gallar.
- Gera tillögu að innritun í 1. bekk grunnskóla og á frístundaheimili út frá faglegum forsendum og traustri tæknilegri lausn. Gera tillögu að reglubreytingum ef þarf.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Starfshópin skipa:

Helga Gunnarsdóttir, fjármáladeild, sem jafnframt er formaður hópsins

Eyrún Einarsdóttir, SKOR

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, fagskrifstofu frístundamála

xxx (Guðrún Edda Bentsdóttir, fagskrifstofu grunnskólamála

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Helga Gunnarsdóttir, fjármáladeild

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. ágúst 2019

Reykjavík, [Dags.]

[Nafn ábyrgðarmanns]

Hjálagt:



ERINDISBRÉF¹

Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur: Í samræmi við fyrirheit nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um eflingu listnáms ákvað skóla- og frístundaráð að hafin verði vinna við að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavíkurborg með áherslu á jöfn tækifæri barna og ungmenna til tónlistarnáms, almennt aðgengi barna að tónlistarnámi óháð búsetu og efnahag, fjölbreytni varðandi framboð tónlistarnáms og kennsluhætti og aukið samstarf tónlistarskóla við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar og skólahljómssveitir í borginni.

Hlutverk: Hlutverk stýrihóps er að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík. Hópurinn leggi til leiðir til að mæta ofangreindum markmiðum hvað varðar tónlistarnám barna og ungmenna í Reykjavík á vettvangi tónlistarskólanna og í skólum borgarinnar á grundvelli menntastefnu borgarinnar. Leiðarljós vinnunnar skulu vera jafnræði, fjölbreytni og aðgengi.

Fyrirkomulag: Verkefnisstjóri vinnur með hópnum sem kalli til samstarfs fulltrúa tónlistarskóla, skólahljómssveita og aðra aðila frá vettvangi eftir þörfum. Deildarstjóri listfræðslu á skóla- og frístundasviði starfi með hópnum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. sept. 2019.

Helstu verkefni á grundvelli leiðarljósa um jafnræði, fjölbreytni og samstarf:

- Móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík.
- Skilgreina þarf grunnmarkmið borgarinnar hvað varðar möguleika til tónlistarnáms í hverfum hennar og skilgreina áfanga sem miði að því að jafna tækifærin í borginni í heild. Lögð verði drög að stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavíkurborg.
- Setja þarf fram hugmyndir til að efla samstarf tónlistarskóla við allt skólastarf, frístundastarf og skólahljómssveitir í borginni og hvernig megi styðja við það starf.
- Skoða þarf mögulegar skipulagsbreytingar sem hafi það að markmiði að draga sem mest úr almennum rekstrar- og stjórnunarkostnað þannig að sem mest fjármagn sveitarfélagsins nýtist til kennslu og hægt sé til að lækka þann kostnað sem fellur á foreldra.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf

Stýrihópin skipa: Alexandra Briem formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir og Eypór Laxdal Arnalds. Sigfríður Björnsdóttir deildarstjóri SFS starfar með hópnum.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Grímur Atlason verkefnisstjóri skóla- og frístundasviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Hópurinn kallar á sinn fund þá aðila sem hann telur geta gefið upplýsingar, ráð og tillögur.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum 1.sept. 2019.

Reykjavík, 1. apríl 2019

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi

Ábyrgðarmenn: Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Inngangur:

Nemendum í norðanverðum Grafarvogi hefur fækkað verulega síðastliðinn áratug og er svo komið að mjög rúmt er um nemendur í sumum skólabygginganna. Sérstaklega hefur nemendum fækkað í Kelduskóla Korpu þar sem nú er 61 nemandi í skólanum borið saman við ríflega tvöfalt fleiri nemendur eða 141 árið 2012. Samkvæmt nemendaspá í hverfinu er ekki að sjá fjölgun á nemendum í á næstu árum. Þessar breytingar á fjölda barna á grunnskólaaldri kalla á að fyrirkomulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi sé rýnt og endurskoðað til að tryggja farsælt nám og starf og góða nýtingu mannauðs og húsnæðis.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12.3.2019 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á nemendafjölda í einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfinu að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, kynningargögn og ábendingar sem fram hafa komið m.a. á fundum með starfsfólki og foreldrum.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulagsmál í norðanverðum Grafarvogi.
- Að nýta rýnihópa nemenda, foreldra, starfsmanna auk íbúa í Staðahverfi sem tengjast Vættaskóla, Kelduskóla, Brosbæ, Hvergilandi, Galdraslóð, Ævintýralandi, Dregyn og Púgyn sem valdir verða með slembiúrtaki til að ná fram viðhorfum allra hópa um skóla- og frístundastarfið.
- Að huga/ög meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf

Starfshópin skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
Sigrún Harpa Magnúsdóttir, matssérfræðingur SFS
Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla
Þuríður Óttarsdóttir, skólastjóri Vættaskóla
Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar
Halla Magneudóttir, fulltrúi foreldra Vættaskóla
Gunnar Bessi Þórisson, fulltrúi kennara Vættaskóla
Kristjana Erlen Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Kelduskóla
Eva Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara Kelduskóla

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðlaug Gísladóttir


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu

Starfstími:

Hópurinn starfar til 29. apríl 2019.

Reykjavík, 13. mars 2019


Helgi Grímsson sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillagan um stofnun starfshópsins og greinargerð.

Kynningarglærur af fundum með foreldrum í hverfinu

Fundargerðir af fundum með starfsmönnum og foreldrum.



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um handleiðslu fyrir leikskólakennara

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS.

Inngangur:

Í starfshópi um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík sem skilaði af sér skýrslu í febrúar 2018 komu m.a. fram eftirfarandi tillögur:

- Mentor og aukinn stuðningur við nýja leikskólakennara, þar sem lagt er til að nýir leikskólakennarar fái úthlutað mentor sem aðstoðar þá við að takast á við fjölbreytt starf sem fer fram í leikskólanum.
- Handleiðsla fyrir leikskólakennara þar sem tryggt er að leikskólakennarar fái handleiðslu til að vinna úr flóknum málum og styrkja sig faglega.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að koma með tillögur að handleiðslu fyrir nýja leikskólakennara sem hefja störf í leikskólum Reykjavíkurborgar og fyrir starfandi leikskólakennara.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Verkefni 1. Móta tillögur að mentorkerfi fyrir nýja leikskólakennara.
- Verkefni 2. Móta tillögur að handleiðslu fyrir leikskólakennara.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Auður Jónsdóttir, (formaður), mannauðsþjónusta SFS.

Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónusta SFS.

Saga Stephensen, fagskrifstofa SFS.

Steinunn Hjartardóttir, skrifstofa sviðsstjóra SFS

Rannveig J. Bjarnadóttir, leikskólastjóri Gullborg.

Helga Ingvadóttir, leikskólastjóri Laugasól.

Elín Guðrún Pálsdóttir, verkefnastjóri í Rauðhól.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn skal jafnframt hafa aðgang að mannauðsstjóra og mannauðsráðgjöfum SFS, skrifstofustjóra fagskrifstofu SFS, vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti


¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 6. júní 2019.

Reykjavík, 20.5.2019



Hjálagt:



ERINDISBRÉF

Starfshópur um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem þegar hefur farið fram.

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

Inngangur: Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík var samþykkt 3. október 2017. Starfshópur sem skipaður var í kjölfar samþykktar stefnunnar skilaði af sér innleiðingaráætlun til ársloka 2019 með óskum um að skipaður væri annar starfshópur til að vinna að innleiðingaráætlun til ársins 2025. Í frístundastefnunni er mikil áhersla lögð á að virkja börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og er skóla- og frístundasvið með frístundastarfsemi fyrir þennan aldurshóp í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundamiðstöðvum. Mikilvægt er að fylgja frístundastefnunni varðandi þennan aldurshóp og koma með tillögur um innleiðingu hennar til 2025 varðandi starfsþætti sem snúa að starfsemi skóla- og frístundasviðs. Einnig er lagt til að starfshópurinn leggi mat á árangur þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram á skóla- og frístundasviði.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu SFS auk mats á árangri þeirra innleiðingar sem þegar hefur farið fram.

Helstu verkefni:

- Leggja mat á árangur þeirrar innleiðingar á Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 sem þegar hefur farið fram á skóla- og frístundasviði
- Vinna innleiðingaráætlun fyrir hluta skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025

Starfshópurinn skipa:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, fagskrifstofa frístundamála SFS formaður

Ásgeir Björgvinsson, SKOR, SFS

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún Ísabella Þráinsdóttir, fagskrifstofa frístundamála SFS

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2020

Reykjavík, 23. september 2019



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagi:

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.